

FÉLAGSDÓMUR

Dómur miðvikudaginn 1. júlí 2026.

Mál nr. 2/2026:

Læknafélag Íslands

(Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu vegna Landspítala

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Lykilord

Kjarasamningur. Viðbótarmenntun.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut einkum að því hvort að félagsmaður stefnanda, sem hafði starfað sem sérfræðilæknir, ætti rétt á greiðslu álags og hækkun launaþreps samkvæmt ákvæðum kjarasamnings aðila eftir að viðkomandi hóf sérnám í undirsérgrein og var þá ráðin sem „sérnámslæknir með sérfræðileyfi“. Félagisdómur komst að þeirri niðurstöðu að í kjarasamningi aðila sé gerður skýr greinarmunur á launum sérfræðilækna og sérnámslækna. Í samningnum sé ekki að finna sérstök ákvæði um launakjör sérnámslækna sem hafi lokið sérfræðilæknisprófi. Hlutaðeigandi starfsmaður sé nú sérnámslæknir í skilningi kjarasamningsins og njóti umsaminna launakjara á þeim grunni. Fyrrgreind ákvæði kjarasamningsins beri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan og taki þau ekki til sérnámslækna sem starfi hjá stefnda. Var stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Dómur Félagisdóms

Mál þetta var dómtekið 3. júní 2026.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Guðmundur B. Ólafsson og Inga Björg Hjaltadóttir.

Stefnandi er Læknafélag Íslands, Hlíðasmára 8 í Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhváli í Reykjavík, vegna Landspítala, Eiríksgötu 5 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að stefnda beri að greiða A, kt. [...], 15% álag á laun sín, frá 1. maí 2025, samkvæmt grein 3.3 í kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.
- Stefnandi krefst þess jafnframt að viðurkennt verði að stefnda beri að greiða A eitt launaþrep til viðbótar, frá 5. maí 2025, samkvæmt grein 3.2.2.2 í sama kjarasamningi.

- 3 Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 4 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir

- 5 Mál þetta á rætur að rekja til ágreinings um rétt A, sem hefur starfað sem læknir á Landspítala frá 2014, til launa samkvæmt kjarasamningi aðila. Starfsmaðurinn lauk sérnámi í almennum lyflækningum 2023 og starfaði frá 1. júní sama ár til 4. maí 2025 sem sérfræðilæknir í lyflækningum á spítalanum.
- 6 Eftir breytingar á kjarasamningi sem gengu í gildi 1. apríl 2025 fékk starfsmaðurinn laun samkvæmt flokki 14 og launaþrepi 4, það er þrjú þrep vegna starfsaldurs og eitt þrep vegna viðbótarmenntunar sem fólst í sérfræðilæknisprófi sem læknadeild Háskóla Íslands mat sambærilegt bandarísku sérfræðilæknisprófi, sbr. grein 3.2.2.2 í kjarasamningi. Þá fékk hún 15% álag á laun samkvæmt grein 3.3 í kjarasamningi.
- 7 Í janúar 2025 var auglýst sérnámsstaða í innkirtlalækningum á Landspítalanum, en um er að ræða undirsérgrein almennra lyflækninga. Þess var krafist að umsækjandi væri með sérfræðileyfi í lyflækningum og tekið fram að laun yrðu greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi. Fyrrgreindur starfsmaður sótti um og var ráðin í sérnámsstöðuna frá og með 5. maí sama ár. Í ráðningarsamningi er starfsheiti hennar tilgreint sem „sérnámslæknir með sérfræðileyfi“ og segir meðal annars:

„Sérnám í innkirtlalækningum til þriggja ára samkvæmt sérnámssamningi. Gert er ráð fyrir að fyrstu 2 árin séu á Landspítala en svo fari læknir erlendis á eigin vegum og ljúki tólf mánaða þjálfun. Samkvæmt sérnámssamningi milli starfsmanns og Landspítala er ráðningarsamningur þessi tímabundinn og bundinn forsendum um námsframvindu samkvæmt marklýsingu sérnáms. Forsendur ráðningarsamnings teljast ekki lengur til staðar eftir lok sérnáms eða ef sérnámslæknir fylgir ekki námsáætlun án málefnalegra ástæðna. Við forsendubrest telst samningurinn uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara sem er gagnkvæmur uppsagnarfrestur eftir lok reynslutíma.“

- 8 Eftir ráðninguna fékk starfsmaðurinn greidd laun samkvæmt launaflokki 14 og þannig sömu grunnröðun og sérfræðilæknir, sbr. grein 3.2.1 í kjarasamningi. Ágreiningur reis um hvort starfsmaðurinn ætti áfram rétt á álagi samkvæmt grein 3.3 og launaþrepi vegna viðbótarmenntunar samkvæmt grein 3.2.2.2 í kjarasamningi. Stefndi hafnaði því með vísan til þess að breyting hefði orðið á störfum læknisins sem væri í sérnámi og ekki lengur ráðin sem sérfræðilæknir við spítalann.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 9 Stefnandi vísar til þess að starfsmaðurinn hafi sérfræðileyfi í lyflækningum, enda þótt hún sé jafnframt í sérnámi í undirsérgrein. Eftir að starfsmaðurinn hafi verið ráðin í sérnámsstöðu hafi stefndi hætt að greiða henni 15% álag á laun samkvæmt grein 3.3 og launaþrep vegna viðbótarmenntunar samkvæm grein 3.2.2.2 í kjarasamningi.

- 10 Gerðar hafi verið athugasemdir við þessa breytingu og svör borist frá launaskrifstofu stefnda þess efnis að starfsmaðurinn væri aftur orðin sérnámslæknir en fengi þó áfram laun sem sérfræðingur. Stefndi telji sig með þessu hafa tekið ívilnandi ákvörðun en ekki talið réttlætjanlegt að ívilna starfsmanninum frekar, meðal annars þar sem óæskilegt væri að launaröðun hennar væri hærri eða jafn há starfandi sérfræðilæknum í þeirri grein sem um ræði. Þannig fái læknar, sem séu í sérfræðinámi í undirsérgrein, ekki aðra launabætti sérfræðilækna, svo sem helgunarálag eða viðbótarþrep vegna sérfræðilæknisprófs.
- 11 Stefnandi telur stefnda hafa einhliða ákveðið að læknum í sérnámi skuli aldrei greidd helgun samkvæmt grein 3.3 í kjarasamningi. Skipti þar engu hvort viðkomandi sérfræðingur sé í sérnámi í undirsérgrein sinni eða almennur læknir í sérfræðinámi. Með sama hætti hafi stefndi ákveðið einhliða að taka af starfsmanninum þegar áunnið launþrep vegna sérfræðilæknisprófs, það er vegna náms hennar í undirsérgreininni, og horfi í engu til þess að slíkt próf hafi verið skilyrði þess að hún fékk umrædda sérnámsstöðu. Hafi þannig verið fellt niður 15% álag sem starfsmaðurinn hafi notið sem starfandi sérfræðilæknir í lyflækningum áður en hún byrjaði nám í undirsérgreininni. Með þessu hafi stefndi brotið með ólögætum hætti gegn réttindum starfsmannsins samkvæmt kjarasamningi.
- 12 Stefnandi leggur áherslu á að starfsmaðurinn sé sérfræðilæknir og eigi því rétt á 15% álagi samkvæmt grein 3.3 í kjarasamningi, enda starfi hún áfram sem sérfræðingur þótt hún sérhæfi sig enn frekar í undirsérgrein. Áréttað er að gerð hafi verið krafa um að hún væri með sérfræðiréttindi í lyflækningum til að mega stunda nám í undirsérgreininni. Með sama hætti hafi stefndi með ólögætum hætti brotið gegn réttindum starfsmannsins samkvæmt kjarasamningi með því að hætta að greiða henni viðbótarþrep vegna sérfræðilæknisprófs, sbr. grein 3.2.2.2 í kjarasamningi.
- 13 Það komi skýrt fram í grein 3.3 í kjarasamningi að sérfræðilæknir sem starfi hjá stefnda eigi rétt á að fá greitt 15% helgunarálag ofan á laun sín. Stefndi geti ekki svipt lækni sem starfi eingöngu sem sérfræðilæknir hjá Landspítalanum slíkri greiðslu með vísan til þess að hann ákveði að bæta við sig námi í undirsérgrein sem stefndi bjóði upp á. Tekið er fram að stefndi hafi fyrir stuttu greitt karlkyns lækni sem lokið hafi námi í undirsérgrein slíkt álag á meðan hann var í náminu. Það bendi til mismunandi meðferðar á læknum eftir kyni sem sé í andstöðu við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 14 Stefndi vísar til þess að starfsmaðurinn starfi nú sem sérnámslæknir í undirsérgrein og hafi orðið breyting á starfi hennar hjá Landspítalanum í maí 2025. Kröfur stefnanda séu reistar á því að hún skuli njóta sömu launakjara og sérfræðilæknir, en það standist ekki þar sem veigamikill munur sé á þessum störfum þegar litið sé til verðmætis, ábyrgðar og umsýslu sem hvíli á Landspítalanum.

- 15 Kjarasamningur fjalli ítarlega um réttindi og starfskjör sérfræðilækna sem séu mikilvæg burðarstoð í heilbrigðiskerfinu. Þá sé fjallað um launakjör sérnámslækna í fylgiskjali 1 með samningnum. Telja megi sanngjarnt og rökrétt að sérnámslæknar í undirsérgrein fái hærri laun en sérnámslæknar sem ekki séu með sérfræðimenntun en lægri laun en sérfræðilæknar sem starfi sem slíkir. Sérfræðilæknir, sem ráðinn sé í starf sem slíkur, sinni verkefnum og axli ábyrgð á sínum störfum í þeirri sérgrein sem hann sé ráðinn til. Næsti yfirmaður sérfræðilæknis sé yfirlæknir sérgreinar, en sérfræðilæknir sé almennt ekki háður leiðbeiningum eða liðsinni um framkvæmd verkefna sinna.
- 16 Sérnámslæknir í undirsérgrein/viðbótarsérgrein starfi ekki sem sérfræðingur í þeirri sérgrein sem hann sé ráðinn til. Hann sé í námi og gert ráð fyrir aðkomu annarra að því að leiða hann og styðja á námstímanum. Fjallað sé um sérnám í undirsérgreinum í reglugerð nr. 856/2023 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Samkvæmt starfslýsingu sé næsti yfirmaður sérnámslæknis forstöðulæknir eða yfirlæknir. Kennslustjóri sérnáms fari með ábyrgð á sérnáminu og framvindu þess. Sérnámslæknir starfi undir handleiðslu sérfræðilæknis í sérgreininni. Hann sé samhliða starfinu að auka við menntun sína í því skyni að öðlast nýja sérfræðiviðurkenningu. Það sé hluti af starfi annarra starfsmanna spítalans að leiðbeina sérnámslækni og kenna honum í samræmi við sérnámssamning og marklýsingu.
- 17 Verði fallist á kröfu um að sérnámslæknar í undirsérgrein raðist til launa með sama hætti og sérfræðilæknar kunni það að leiða til þess að viðkomandi sérnámslæknar verði herra launaðir en sérfræðingar sem axli fulla ábyrgð sem slíkir og séu auk þess að handleiða þá og leiðbeina í sérnáminu. Slíkt sé óásættanlegt og gangi á svig við almenn sjónarmið um mat á störfum og málefnalegan launamun auk þess sem það samræmist ekki gildandi kjarasamningi.
- 18 Stefndi vísar til þess að í fylgiskjali 1 með kjarasamningi séu ítarleg ákvæði um launasetningu og launaröðun sérnámslækna. Þar sé þó ekki fjallað sérstaklega um launaumbun vegna sérfræðileyfis til handa sérnámslæknum í undirsérgrein. Við ákvörðun launa þeirra hafi stefnda þótt rétt að horfa til þess að föst heildarlaun yrðu hærri en laun annarra sérnámslækna en lægri en laun sérfræðilækna sem ráðnir séu og starfi sem slíkir á spítalanum. Stefndi hafi komið til móts við þessi sjónarmið með því að taka mið af grunnröðun sérfræðilækna, þ.e. launaflokki 14, sbr. grein 3.2.1 í kjarasamningi. Þar sem sérnámslæknar starfi ekki samkvæmt starfs- og ábyrgðarlýsingu sérfræðilækna hafi ekki verið talið að greiða skyldi þeim fyrir helgun og viðbótarmenntun. Með þessari tilhögun séu sérnámslæknar í undirsérgrein með ívið lægri laun en sérfræðilæknar en hærri en aðrir sérnámslæknar. Hafa verði í huga að stefndi hafi hvorki samkvæmt lögum né kjarasamningi haft heimild til að launaraða viðkomandi starfsmanni, sem hafi verið í sérnámi, í þann launaflokk sem gert hafi

verið. Um hafi verið að ræða ívilnandi en ranga framkvæmd sem geti ekki skapað starfsmanninum sérstakan rétt umfram það sem kjarasamningur mæli fyrir um.

- 19 Stefndi leggur áherslu á að launaröðun lækna sé skýrt afmörkuð í kjarasamningi og gerður skýr greinarmunur á réttindum lækna eftir því starfi sem þeir séu ráðnir til. Skilyrði þess að teljast sérfræðilæknir sé annars vegar að hafa lokið sérnámi og hins vegar að hafa sérfræðileyfi í þeirri sérgrein sem viðkomandi sé ráðinn til starfa í. Að virtu orðalagi kjarasamnings geti læknir sem sé ráðinn í sérnám ekki talist sérfræðilæknir í þeirri sérgrein meðan á náminu standi.
- 20 Stefndi mótmælir því að tekin hafi verið einhliða ákvörðun um launasetningu starfsmannsins sem henni hafi ekki verið kunnugt um. Málið hafi verið rætt áður en gengið var frá ráðningarsamningi og komi þar fram nákvæmar upplýsingar um launasetningu starfsins. Þá sé í ráðningarsamningnum getið um að hluti námstímans verði utan Landspítala og að samningurinn sé bundinn forsendum um námsframvindu samkvæmt sérnámssamningi og marklýsingu sérnáms á spítalanum.
- 21 Stefndi vísar til þess að túlka beri ákvæði kjarasamningsins samkvæmt orðanna hljóðan. Forsendur helgunarálags samkvæmt grein 3.3 séu að viðkomandi starfi sem sérfræðilæknir og hafi ákvæðinu aldrei verið ætlað að gilda fyrir almenna lækna eða sérnámslækna. Þá standist ekki að stefnda beri að greiða starfsmanninum viðbótarlaunaþrep samkvæmt grein 3.2.2.2 í kjarasamningi. Samkvæmt ákvæðinu skuli sérfræðingar og yfirlæknar sem lokið hafa viðbótarmentun fá tilteknar hækkningar til viðbótar við grunnröðun starfs. Ákvæðið sé bundið við lækna sem hafi verið ráðnir í slík störf, en eigi ekki við um starfsmann sem sinni launuðu starfi sérnámslæknis í undirsérgrein.
- 22 Kjarasamningur kveði skýrt á um að sérnámslæknar raðist eins og almennir læknar. Í því felist meðal annars að viðbótarmentun sé metin með öðrum hætti en hjá sérfræðilæknum og að sérstakt álag vegna helgunar sé ekki greitt. Þá sé óumdeilt að starfsmaðurinn muni ekki starfa eingöngu á Landspítala meðan á sérnámi hennar standi þar sem hluti námsins fari fram erlendis á hennar eigin vegum.
- 23 Fullyrðingum stefnanda um að Landspítali hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 150/2020 er mótmælt sem órökstuddum og ósönnuðum. Jafnframt falli það ekki undir lögsögu Félagsdóms að dæma um slíkt sakarefni, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Niðurstaða

- 24 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi, á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 25 Aðila greinir á um rétt tiltekens starfsmanns til launa samkvæmt kjarasamningi, það er annars vegar hvort greiða skuli starfsmanninum álag samkvæmt grein 3.3 í

kjarasamningi og hins vegar hvort hún eigi rétt til launapreps vegna viðbótarmenntunar samkvæmt grein 3.2.2.2.

- 26 Starfsmaðurinn starfaði sem sérfræðilæknir í lyflækningum hjá stefnda fram í maí 2025 og naut þá þeirra kjara sem viðurkenningarkröfur stefnanda lúta að. Breyting varð á launum starfsmannsins þegar hún byrjaði sérnám í innkirtlalækningum, sem er undirsérgrein lyflækninga, og gerði nýjan ráðningarsamning við stefnda. Frá þeim tíma naut starfsmaðurinn sömu grunnröðunar og sérfræðilæknar, það er var í launaflokki 14, en fékk hvorki greitt fyrrgreint álag né launaprep vegna viðbótarmenntunar.
- 27 Fjallað er um þrjúgreinda röðun starfsheita lækna í launaflokka í grein 3.2.1 í kjarasamningi, en þau flokkast í almennan lækni, sérfræðilækni og yfirlækni. Fram kemur að „almennur læknir“ sé meðal annars „læknir í sérnámi (sérnámslæknir)“ og skuli vera í launaflokki 4. Þá segir að „sérfræðilæknir“, sem er skilgreindur sem „læknir sem lokið hefur sérnámi og fengið sérfræðileyfi“, skuli vera í launaflokki 14. Gerð er nánari grein fyrir launaröðun, viðbótarlaunaflokkum og viðbótarlaunaprepum sérnámslækna og sérfræðilækna í fylgiskjali 1 við kjarasamninginn.
- 28 Leggja verður til grundvallar að starfsmaðurinn hafi hætt störfum sem sérfræðilæknir og starfað sem sérnámslæknir á Landspítalanum frá maí 2025 þegar nýr ráðningarsamningur tók gildi, en um starfið giltu meðal annars sérnámsamningur og starfslýsing sérnámslækna í undirsérgrein. Gögn málsins, þar með talið kjarasamningur og almennar starfslýsingar sérfræðilækna og sérnámslækna í undirsérgrein, bera með sér að umtalsverður munur sé á störfunum, einkum þar sem sérnámslæknir starfar undir handleiðslu sérfræðilækna í sérgreininni með það að markmiði að öðlast sams konar hæfni í viðkomandi sérgrein.
- 29 Í kjarasamningnum er, sem fyrr greinir, gerður skýr greinarmunur á launum sérfræðilækna og sérnámslækna. Þar er aftur á móti ekki að finna sérstök ákvæði um launakjör sérnámslækna sem hafa lokið sérfræðilæknaþrófi, eins og á við um fyrrgreindan starfsmann. Áður hefur verið rakið að stefndi hafi engu að síður talið rétt að grunnröðun starfsmanns í slíkri stöðu skyldi vera sú sama og sérfræðilækna, en að viðkomandi skyldi ekki njóta helgunarálags eða launapreps vegna viðbótarmenntunar. Þessi ákvörðun um grunnröðun hafi verið ívilnandi að virtum kjarasamningi og geti ekki skapað starfsmanninum frekari réttindi.
- 30 Samkvæmt því sem rakið hefur verið er starfsmaðurinn nú sérnámslæknir í skilningi kjarasamnings og nýtur umsaminna launakjara á þeim grunni. Greiðsla sérstaks álags samkvæmt grein 3.3 í kjarasamningi er bundin við „sérfræðilækna“ sem sinna í starfi sínu verkefnum sem krefjast þess að þeir vinni eingöngu á viðkomandi stofnun. Þá tekur hækkun launapreps vegna viðbótarmenntunar á grundvelli greinar 3.2.2.2 samkvæmt orðalagi ákvæðisins eingöngu til „sérfræði-/yfirlækna“. Ákvæðin ber að

skýra samkvæmt orðanna hljóðan og taka ekki til sérnámslækna sem starfa hjá stefnda.

- 31 Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á að starfsmaðurinn, sem starfar nú sem sérnámslæknir, eigi rétt á greiðslu álags eða hækkun launabreps samkvæmt kjarasamningsákvæðunum. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.
- 32 Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið vegna Landspítala, er sýkn af kröfum stefnanda, Læknafélags Íslands.

Málskostnaður fellur niður.